

## Útskriftarræða                      Eskifjörður, 23. maí 2020

Ágæti skólameistari, aðstoðarskólameistari, útskriftanemar og aðrir góðir gestir sem sitja heima í stofu. Hefð hefur verið fyrir því að einn eða fleiri útskriftarnemar haldi ræðu fyrir hönd nemenda við útskrift Verkmenntaskóla Austurlands. Að þessu sinni fer ég, Steinunn Dagmar með ræðuna ásamt Oddi Loga sem fær orðið hér á eftir mér.

Þegar ég var að klára grunnskóla langaði mig ekkert í framhaldsskóla en það urðu augljóslega smá breytingar á því úr því að ég stend hér í dag. Ég byrjaði í VA á miðju skólaári á vorönn 2017 og var rosalega stressuð yfir því að vita ekkert hvað ég væri að fara út í. En um leið og ég byrjaði fann ég einhvern veginn hvað það er vinalegt andrúmsloft og notaleg stemning í þessum skóla.

Mér finnst ég hafa fengið fjölmörg tækifæri á ýmsum sviðum í VA. Ég hef tekið virkan þátt í félagslífinu alveg frá upphafi og troðið mér í lang flest ráð og nefndir sem eru í boði, enda með yfirburðum stjórnsmög og athyglissjúk í þokkabót. Ég hef haldið úti sjoppu, aðstoðað við að skrifa handrit, farið á þing íslenskra framhaldsskólanema og hannað skólapeysur svo eitthvað sé nefnt. Ég hef líka komið að ýmsum viðburðum, þar á meðal seinustu tveimur árshátíðum sem voru skipulagðar af góðum hópi fólks sem urðu vinir mínir í því ferli. Ég er gríðarlega þakklát fyrir þá vini sem ég hef eignast á minni skólagöngu. Það hefði aldrei verið eins að ganga í gegnum þetta allt saman án þess að hafa gott samferðafólk sér við hlið. Einhverja til þess að faðma þegar allt virðist vera að hrynja og fagna með þegar hlutirnir ganga vel. →

VA tekur þátt í erlendum samstarfsverkefnum á vegum Erasmus+ og ég

hef verið svo heppin að fá að taka þátt í slíku verkefni. Ég hef ferðast með starfsfólki og nokkrum samnemendum til bæði Ítalíu og Ungverjalands þar sem ég dvaldi í viku í senn. Það var skemmtilegt og þroskandi að fá að vera partur af erlendu skólasamfélagi og kynnast ólíkum skólum, kennsluaðferðum og menningarheimum. En það sem mér þótti samt dýrmætast við þessar ferðar var að eignast erlenda vini sem ég á ennþá í samskiptum við.

Svo ég haldi nú áfram að telja ykkur trú um að ég eigi vini þá langar mig aðeins að tala um starfsfólk VA sem mörg hver eru eins og vinir okkar og kunningjar... jafnvel fjölskylda. Í fyrra gaf ég til dæmis út ljóðabók sem var lokaverkefnið mitt frá VA. Slatti af starfsfólkinu keypti af mér eintak af bókinni og þegar þau voru tilbúin til afhendingar fór ég með eintökin inn á kaffistofu til starfsfólksins. Þar sat ég í dágóðan tíma og spjallaði við viðstadda um skrifin, ferlið í kringum bókina mína, lífið og tilveruna. Þegar ég gekk út af kaffistofunni fannst mér ekki eins og ég hafði setið þarna með hópi af fólki sem er yfir mig hafið heldur eins og ég hafi átt á notalegu spjalli við góða vini. Það er nákvæmlega mín upplifun á VA, í skóla af þessari stærð erum við nemendur nefnileg ekki bara kennitölur á blaði. Við umgöngumst hvort annað alla jafn á hverjum degi, sum okkar mörg ár í röð og þá myndast oft falleg tengsl og misgáfulegur aulahúmor á milli nemenda og kennara. Til þess að gefa ykkur smá innsýn inn í daglegt líf okkar þá hefur grínið þetta árið hjá okkur útskriftarefnum á félagsvísindabraut verið af betri kantinum. Þegar eitthvað er vel gert þá segjum við það vera unnið af „rjóma“ samfélagsins en sumt er bara algjört fúsk sem við líkjum þá við „undanrennu“. Annað liggur svo á milli hluta og er þá ýmist → „léttmjólk“ eða „nýmjólk“.

Það er glens af þessu tagi sem gefur lífinu lit og veldur því að það reynist mér erfitt að standa hérna og kveðja Verkmenntaskóla Austurlands. Skólann sem ég veit að ég á eftir að sakna. Skólann sem hefur verið lífið mitt seinustu þrjú ár. Þrjú ár sem liðu reyndar á ógnarhraða. Á þessum tíma hef ég öðlast sjálfstraust sem ég vissi ekki að ég ætti inni, fengið tækifæri til þess að blómstra og jú trúlega lært eitthvað sniðugt inn á milli líka. Það er því með miklu þakklæti sem ég kveð VA. Ég ætla samt ekkert að lofa því að starfsfólkið sé alveg laust við mig, það er aldrei að vita nema ég finni mig knúna til þess að koma aftur og sjá til þess að allt sé eins og það eigi að vera.

Ég ætlaði aldrei í VA en ég hef aldrei nokkurn tímann séð eftir því að hafa tekið þá ákvörðun að koma hingað. Það er kannski frekar kaldhæðnislegt að ég, sem ætlaði ekki einu sinni hingað, fari nú með útskriftarræðuna en ég vil meina að það sé okkur öllum holt að vera tilbúin að gera breytingar á því sem við höfum ákveðið og gefa okkur svigrúm til þess að skipta um skoðun.

Kæru útskriftarnemar, innilega til hamingju með þennan áfanga og haldið áfram að vera rjómi samfélagsins!

Takk fyrir mig.

- |     |                                |                             |
|-----|--------------------------------|-----------------------------|
| 1.  | Opnun athafnar                 | Karen                       |
| 2.  | Ræða skólameistara             | Lilja                       |
| 3.  | Tónlistaratriði                | María Bóel                  |
| 4.  | Ræða                           | Jón Björn                   |
| 5.  | Tónlistaratriði                | Birna Marín                 |
| 6.  | Útskrift<br>Skíretini<br>Húfur | Karen & Lilja               |
| 7.  | Tónlistaratriði                | Eva Björg                   |
| 8.  | Verðlaunaafhending             | Karen & Lilja               |
| 9.  | Útskriftarræða                 | <b>Steinunn &amp; Oddur</b> |
| 10. | Kveðja starfsmanna             | Lilja                       |
| 11. | Lokakveðja skólameistara       | Lilja                       |
| 12. | Blessuð vertu sumarsól         | Allir                       |